Verkalýðsblaðið

16. tbl. 9. árg. 10. nóvember 1980 Verð: kr. 400,-

Þolinmæði fóstra er á þrotum

Rætt við Örnu Jónsdóttur

4

Óheilla þróun í kjaramálum

Viðtal við Pétur Sigurðsson forseta ASV

4

Viðtal við Hrafnkel Jónsson

Verka manna félagi Eskifjarðar

5

Bókmenntir og listir

7

Farandverkafólk lætur í sér heyra

Baráttuhópur farand verkafólks efndi til útifundar 24. okt. Verkalýðsblaðið hafði samband við Þorlák Kristinsson af því tilefni:

Þorlákur sagði að Baráttuhópurinn hefði reynt að ná samstöðu með félögum ASÍ um aðgerðir til áherslu á kröfur verka lýðshreyfingarinnar í samningaviðræðunum. Baráttuhópurinn sendi bréf til 43-mannanefndarinnar, þar sem hvatt var til aðgerða og bornar fram tillögur þar að lútandi. Sömuleiðis var haft samband við einstaka forystumenn innan ASÍ og leitað eftir stuðningi án árangurs.

Baráttuhópur farandverkafólks ákvað þá að standa einn fyrir aðgerðum. Daginn, sem fundurinn var boðaður, lá ljóst fyrir að kröfum farandverkafólks hafði verið fórnað. Tilgangur fundarins breyttist því á síðustu stundu frá því að beina eingöngu spjótum sínum að VSÍ, heldur var forysta ASÍ einnig gagnrýnd.

Þorlákur taldi fundinn jákvæða aðgerð, hann væri eina lífsmarkið, sem komið hefði frá verkalýðshreyfingunni í lo mánaða samningaþófi og líkti hann fundinum við eyri ekkjunnar.

Að lokum sagði Þorlákur að enga uppgjöf væri að finna hjá farandverkafólki. Næsta skref er að fá einstök félög og sambönd innan ASÍ til að ná niður mesta fæðisokrinu í sérsamningum, sem standa fyrir dyrum.

Verkalýðsblaðið vill vekja athygli á því að í byrjun júní 1980 var Baráttuhópur farandverkafólks formlega stofnaður. Hópurinn hefur samþykkt félagslög og heldur reglulega fundi. Skv. lögum hópsins geta þeir sem samþykkja lög félagsins, orðið félagar.

Hópurinn telur baráttu sína í örjúfandi tengslum við baráttu verkafólks um land allt fyrir bættum kjörum. Baráttuhópurinn er ekki stéttarfélag heldur hópur fólks úr ýmsum stéttarfélögum víðsvegar að af landinu, sem vill sameina krafta sína til virkrar baráttu. Hópurinn hefur skrifstofu að Lindargötu 9, Skrifstofan er opin kl. 16-18 alla daga nema laugardaga, sími 17996. Verkalýðsblaðið hvetur fólk til að leggja hópnum lið.

H.Gunn.

Flokksþjónkun og úreltir starfshættir

Samningum er lokið, eftir lo mánaða þvarg og þótti engum mikið.

Þessar samningaviðræður segja mikla sögu og því miður er það fyrst og fremst saga um vanmátt verkalýðshreyfingarinnar. Hún er bundin á bás stéttasamvinnu og flokksþjónkunar.



Guðmundur J. Guðmundsson

Hver eru vandamálin?

Er þetta ekki stórt uppí sig tekið? Ég held ekki. Það hefur komið svo skýrt í ljós í þessum samningum, hversu sterkum böndum forysta verkalýðshreyfingarinnar er tengd stjórnmálaflokkunum. Og flokkarnir nota hana í eigin þágu.

En það er fleira. Hreyfingin er orðin hrum, gömul, lítil endurnýjun á sér stað innan hennar og mikið um æviráðningar. Starfsaðferðirnar eru bundnar í rótgrónar hefðir og form, og koma í veg fyrir að hinn almenni félagi fái notið sín.

Tengsl við flokkana

Það er kunnara, en frá þurfi að segja, að helstu forystumenn verkalýðshreyfingarinnar, eru nátengdir forystukjörnum stjórnmálaflokkanna. Best stendur Alþýðubandalagið að vígi, þá kratar og nokkrir eru innarlega á gafli hjá íhaldinu.

Það er öllum þessum flokkum sammerkt, að þeir nota áhrif sín í verkalýðshreyfingunni í baráttunni um ráðherrastólana. Þeir nota áhrifin í verkalýðshreyfingunni til að bakka upp þingstyrkinn, í stað þess að þetta ætti vitanlega að vera öfugt.

Það er ekkert útí hött að bera saman Pólland og Ísland. Í Póllandi fór fram hörð barátta fyrir óháðu verkalýðssambandi. Sú barátta þarf að fara fram hér á landi einnig, þó að formlega séð séu verkalýðssamtökin óháð öllum stjórnmálaflokkum.

Afleiðingar þessa nána sambands við stjórnmálaflokkana, afleiðingar þess, að verkalýðssamtökin byggja ekki fyrst og fremst á stéttarhagsmunum vinnandi fólks í landinu, eru afdrifaríkar. Þannig er hógværðin í kröfugerðinni dæmalaus. Það er ekki hagur alþýðuheimila sem ræður ferðinni þegar hún er sett upp, það er hagur þjóðarbúsins, sem svo er kallaður.

Reynt er að komast hjá, í lengstu lög að beita verkfallsvopninu og aðgerðir, sem heildarsamtökin beita sér fyrir oftast máttlitlar.

Framhald á bls. 5

Íran — Írak, hver græðir á stríðinu?

erlent viðhorf

Írak. Íbúar eru arabar. Trúarbrögð eru sunnítamúhameðstrú. Flatarmál landsins er 438 km² og íbúar eru um 1o milljónir. Tungumál er arabíska.

Íran. Íbúar flestir af persneskum uppruna, en einnig búa í Íran fjölmargir þjóðernisminnihlutar. Trúarbrögð eru síjhíta-múhameðstrú. Flatarmál landsins er 1647 km² og íbúar um 3o milljónir. Tungumál er aðallega persneska.

Það sem í upphafi átti að verða skyndisigur fyrir Írak er orðið að umfangsmiklu stríði. Með skyndisókn inn í Íran ætlaði Írak að hertaka mikilvæg svæði í Íran, olíuhreinsunarstöðvar og borgir, og þannig að komast í sterka samningsstöðu um Shatt al-Arab siglingaleiðina og eyjar í Hormussundi, sem Íran tók eftir að bretar yfirgáfu þær 1971.

Hverjum þjónar stríðið?

Það ætti að vera flestum ljóst að hvorki Íran né Írak hafa hag af stríðinu. Hvor aðilinn sem er, fari annar með sigur af hólmi, mun hafa keypt þann sigur dýru verði þegar yfir lýkur.

Bandaríkin og vesturveldin hafa augljóslega ekkert að sækja í þetta stríð. Þvert á móti var það þeirra hagur að friður héldist á svæðinu vegna þess að olíumarkaðir vesturlanda eru því háðir. Kreppuhrjáður efnahagur vesturlanda þolir illa nýja olíukreppu.

Hvað með Sovétríkin? Hvað geta þau grætt á stríði og missætti við Persaflóa?

Sovétríkin eru ekki háð olíu frá Mið-Austurlöndum, þannig að stríðið skaðar ekki sovéskan efnahag. Sovétríkin hafa lengi haft markvissar áætlanir um að þenja ítök sín í suður. Með herliði í Afganistan og meðfram landamærum Íran og Írak sem hugsanlegan bandamann (vináttusáttmáli frá 1972) eru Sovétríkin búin að umkringja Íran. Lengi og markvisst hafa Sovétríkin unnið að því að umkringja olíusvæði Mið-Austurlanda. Þau hafa náð ítökum og hernaðarstöðu í Eþíópíu og S-Jemen, Lýbíu og Sýrlandi og gert vináttusáttmála við Írak 1972. Nú í október var gerður vináttusáttmáli við Sýrland. Þá hafa Sovétríkin notað sér Palestínuvandamálið til að kljúfa arabaheiminn og reynt að spyrða frelsishreyfingu palestínuaraba, PLO og svo í desember 1979 réðust Sovétríkin inn í Afganistan með mikinn liðssafnað.

Sérhvert skref Sovétríkjanna á þessum heimshluta er skref í áttina að olíusvæðunum og Indlandshafi. Reynslan hefur sýnt að Sovétríkin eru tilbúin til að grípa inn þar sem færi gefst. Óróleiki og stríð skapa slík tækifæri og veita Sovétríkjunum möguleika á að fiska í gruggugu vatni.

Von um sundurlyndi brást

Víst er að ekki hefur alltaf verið já-og-amen samkomulag milli þeirra Khomeinis æðstaklerks og Bani Sadr forseta í Íran.

Líklegt er að Írakar hafi búist við að innrás þeirra myndi sundra æðstu stjórn Írans og losa þar með um fyrir þeim öflum sem hugsanlega vildu fylgja Írak í herför gegn hinni "blóðþyrstu og afturhaldssömu stjórn Khomeinis". Auk þess má ætla að Írak hafi búist við einhversskonar stuðningi frá þeim mörgu þjóðernisminnihlutum í Íran, sem átt hafa í stríði gegn Khomeini. Ekkert af þessu gerðist. Hinsvegar hafa þjóðernisminnihlutarnir haldið að sér höndum og Khomeini og Bani Sadr hafa sett deilumál sín undir stól og tekið höndum saman gegn innrásinni. Samkvæmt ítalska blaðinu La Stampa stóðu þeir saman gegn öðrum trúarleiðtogum í íranska þinginu þegar stríðið gegn Írak var undirbúið, með því að fá því framgengt að fangelsaðir liðsforingjar voru látnir lausir og flugherinn gerður stríðsklár. La Stampa segir Írani hafa fengið fregnir af innrásarundirbúningi Íraka tveim vikum fyrir innrásina.

Í stað valdaráns eða sundrungar í Íran virðist innrásin hafa þjappað Írönum saman og orðið til að treysta samstarf þeirra Khomeinis og Bani Sadr. Ef höfð er í huga sú pólitíska stefna sem byltingunni í Íran var sett þegar í upphafi af bæði Khomeini og veraldlegum byltingarleiðtogum þar í landi, koma þessi viðbrögð leiðtoganna ekki á óvart. Byltingin var gerð fyrst og fremst undir þeim merkjum að losa Íran undan áhrifum og ítökum erlendra (Bandaríkjanna) og til að tryggja sjálfræði landsins. Enda þótt trúarleg grámygla Khomeinis og klerkanna hafi náð að sveipast um efnahagslega ávexti byltingarinnar hefur hún ekki kæft baráttuþrekið og sjálfstæðisvitund og vilja Írana.

Æ.-

Íranskur hermaður með skriðdrekabana sinn á landamærum Írans og Íraks.

Aukinn stuðningur við Kampútseu

Áformum Vietnam og Sovétríkjanna hrundið

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti fyrir skömmu að Alþýðuríkið Kampútsea skyldi halda sæti sínu hjá S.Þ.

Tilraunir Sovétríkjanna og Víetnam til að koma lepp sínum, Heng Samrin, að sem réttum fulltrúa Kampútseu á alþjóðavettvangi hefur þar með verið hnekkt enn einu sinni.

Það er ekki aðeins á Allsherjarþinginu sem tekist er á um sæti Kampútseu. Í hverri stofnun og á hverri ráðstefnu þar sem Kampútsea á aðild reyna Sovétríkin og fylgiríki þeirra að leika þennan leik. Enn hefur þeim ekki tekist að afla Heng Samrin viðurkenningar í alþjóðasamstarfi - en í Samtökum óháðra ríkja tókst þeim að fá sæti Kampútseu fjarlægt að sinni.

Mikilvæg ákvörðun

Ákvörðunin um sæti Kampútseu er ekki léttvæg eins og ráðamenn íslenskrar utanríkisstefnu virðast álíta. Hér er tekist á um sjálfar grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna. Svo lengi sem hin löglega ríkisstjórn Kampútseu heldur sæti sínu hjá S.Þ. er ljóst að meirihluti þjóða heimsins er ekki reiðubúinn að beygja sig fyrir ofbeldi og yfirgangi. 35 ríki vildu fá Heng Samrin en 74 voru hlynnt áframhaldandi setu stjórnar Khieu Samphan (Pol Pot- stjórnarinnar eins og hún er oftast nefnd í ísl. fjölmiðlum). Stuðningurinn við setu Kampútseu hefur aukist um þrjú ríki frá síðustu atkvæðagreiðslu þrátt fyrir mikið baktjaldamakk og þrýsting frá Sovétríkjunum og Víetnam, sem hefur mest verið beint að ríkjum þriðja heimsins.

Kosningar undir eftirliti S. Þ.

Yfirgnæfandi hluti aðildarríkja S.Þ. er fylgjandi brottkvaðningu víetnamska hersins og kosningum undir eftirliti S.Þ. Ríkisstjórn Khieu Samphans hefur lýst sig samþykka þessu og er hún reiðubúin til að draga sig í hlé eftir að þjóðin hefur látið vilja sinn í ljós í kosningum. Víetnamar og leppar þeirra mega ekki heyra minnst á að her þeirra fari, hann er nauðsynlegur vegna ógnunarinnar frá Kína segja þeir, Í hverju sú ógnun er falin í Kampútseu er erfitt að sjá þar sem Kína á ekki landamæri að Kampútseu og hefur ekki neitt herlið þar. Röksemdir Víetnama eru í ætt við útskýringar Sovétríkjanna á nauðsyn hernáms þeirra í Afghanistan - og uppskeran eftir því þegar að yfirgnæfandi meirihluti ríkja innan S.Þ. neitar að samþykkja slíkt framlag Víetnam og Sovétríkjanna.



Thioun Prasith, fulltrúi Kampútseu hjá Sameinuðu þjóðunum.

Atkvæði Íslands

Í fyrra studdi Ísland setu Kampútseu í S.Þ. Þá var Benidikt Gröndal utanríkisráðherra og aðspurður í sjónvarpi gat hann ekki gert viðunandi grein fyrir afstöðu íslensku sendisveitarinnar þá. Helst var á honum að skilja að þrír slæmir kostir hefðu verið í boði (þ.e. Pol Pot - Heng Samrin eða autt sæti) og að hann hafi valið einn þeirra. Hér var því ekki hugsunin um rétt ríkja og reglur S.Þ. sem leiðbeindu um stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar - þótt atkvæðið hafi hafnað á réttum stað. Líklegt er að afstaða Bandaríkjanna og flestra NATO-ríkja hafi leiðbeint eins og oft áður.

Í ár kaus íslenska sendinefndin að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Að öllum líkindum má rekja þessa stefnubreytingu til þess að nú situr í ríkisstjórninni einn af stofnendum Vináttufélags Íslands og Víetnam, Svavar Gestsson, félagsmálaráðherra. Greinilegt er af stefnuræðu utanríkisráðherra, Ólafs Jóhannessonar, á síðasta Alþingi að hann hefur ekki háar hugmyndir um ríkisstjórn Kampútseu og því ekki að vænta andstöðu frá honum gegn Svavari, sem myndi örugglega, fengi hann ráðið því, styðja leppstjórn Víetnama í Kampútseu til setu á þingi Sameinuðu Þjóðanna.

HH.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ómar Harðarson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl. 16.00 - 18.00 þriðjudaga til föstudaga.
Sími: 29212
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Girónr.: 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Fyrir hverja er ASÍ—þingið?

Í lok nóvember verður haldið 34. þing Alþýðusambands Íslands og undirbúningur þess virðist vera í fullum gangi.

Það er athyglisvert að eini undirbúningurinn er baktjaldamakk um það hvaða flokkar eigi að "eignast" forystu félagsins. Þingmenn og pótintátar stjórnmálaflokkanna ræða um það sín á milli á lokuðum fundum hverja eigi að kjósa í æðstu embætti ASÍ.

Alþýðubandalagið hefur m.a.s. kosið þriggja manna nefnd til að semja við aðra flokka um stöðu forseta og varaforseta við vini sína í Sjálfstæðisflokknum.

Síðan er einlitri sauðahjörð smalað á þing til að rétta upp höndina eftir ábendingum frá þeim sem gefa línuna í hverjum flokki fyrir sig.

En hver er vilji félagsmanna ASÍ? Það kemur málinu hreint og beint ekkert við. Þeir hafa litla sem enga möguleika til að hafa áhrif á gang mála, svo tryggilega hefur forystan búið um sig.

Þetta er semsé lýðræðið í verkalýðshreyfingunni í hnotskurn.

eb.

Ríkisstjórnin gjafmild

Mjólk og kartöflur lækka í verði

Það fer vart á milli mála að ráðherrarnir eru að komast í jólaskap. Það sést m.a. á gjafmildi þeirra í garð Flugleiða. Og ekki síður á hinum auknu niðurgreiðslum. Vegna þeirra lækkar kartöflukílóið um 99 kr., úr 356 kr. í 257 kr., og mjólkurlítrinn um 18 kr., úr 371 kr. í 353.

Ef miðað er við að meðalfjölskylda borði 2 kg. af kartöflum vikulega og 2 lítra af mjólk daglega þá lækka mánaðarútgjöld um hvorki meira né minna en 1.8oo kr. Munar minna eða hvað?

Í fréttum af þessu er það ekki látið vanta að niðurgreiðsluaukningin kosti ríkissjóð um 2oo milljónir, svona rétt til að undirstrika hvað góðvildin er mikil.

En er þar með öll sagan sögð?

Nei ekki alveg. Þessi aukning niðurgreiðslna var tilkynnt rétt fyrir 1. nóvember en einmitt þann dag átti að reikna út framfærsluvísitölu vegna hækkunar kaups 1. desember. Niðurgreiðslurnar nú, þýða að vísitöluhækkun á kaup verður o,6% minni en hún hefði ella orðið. Og þessi o,6 stig hefðu kostað ríkið ca. 5oo milljónir.

Þannig að hér er allsekki um útgjöld að ræða hjá ríkinu heldur "sparnað" upp á 3oo milljónir. Og reyndar miklu meira ef tillit er tekið til þess að aðrir atvinnurekendur en ríkið "spara" líka o,6% kauphækkun 1. desember út á mjólkurverðslækkun og kartaflna um nokkrar krónur.

eb.

innlent viðhorf

Enga ölmusu til Flugleiða

Fróðlegt er að fylgjast með Flugleiðamálinu svokallaða. Á Alþingi er aðallega deilt um hve mikil fyrirgreiðsla ríkisvaldsins skuli vera og stjórn Flugleiða gagnrýnd fyrir slælegt rekstrarvit. Það er því rétt að minna á að milljarðarnir eru ekki í boði þegar launafólk er í kreppu. Hvað hefði t.d. mátt gera fyrir nokkra milljarða kr. fyrir margt af því fólki sem flýr land vegna vinnuþrælkunar og baslkjara?

Vissulega verður að tryggja innanlands- og utanlandsflug samkvæmt þörfum landsmanna. En Flugleiðamálið snýst ekki um það í raun. Það snýst um viðhald á þeim aukagróða sem Flugleiðir söttust eftir með því að taka þátt í baráttunni um túristaflugið á N-Atlantshafsleiðinni. Hvað annað en gróðafýsn og fjárhættuspil ráku smáfyrirtæki á vorð við Loftleiði til að verða stórveldi sem gerir litlum hópi manna kleift að lifa á því að safna hlutabréfum eða sleikja rjómann í ábyrgðastöðum með risalaunum og forréttindum. Hinn opinberi tilgangur kallast "að afla þjóðinni gjaldeyristekna".

Það er fyrst og fremst gróðinn úr Atlantshafsfluginu sem hefur gert Flugleiðum kleyft að starfa sem einokunarhringur. Um leið og hann minnkar fara sum af fjölmörgu dótturfyrirtækjum hringsins á sölulistann. Enginn flokkanna fjögurra gerði athugasemd við þennan leik gróðamannanna með fjármuni og vinnuafl, sem nú á að senda heim með þökk fyrir afnotin.

Staða Flugleiða sýnir glöggt hvernig einkagróðinn leiðir okkur í ógöngur. Viðbrögð ríkisins og flokkanna sýnir hvernig þeir þjóna, jafnvel með svolítilli gagnrýni eða aðhaldi, gróðaöflunum og arðmiðasöfnurunum, æ ofan í æ.

Ólafur Ragnar Grímsson krafðist á sínum tíma opinberrar rannsóknar á starfi Flugleiða. Þá framsýni hefðu kommúnistar átt að styðja. Ólafur og flokkur hans vilja hins vegar láta ríkið rétta Flugleiði við. Það er rangt. Tillaga að lausn málsins felst í því að styrkja ekki samkeppnisþátttöku Flugleiða á Ameríkufluginu, láta ríki og starfsmenn yfirtaka rekstur fyrirtækisins, tryggja eðlilegar samgöngur fyrir landsmenn og sjá til þess að sala á eignum Flugleiða leiði ekki til uppsagna íslenskra starfsmanna hér heima.

-agé.

Yðar einlægur...,,, Bréf til Jóns Þorleifssonar

Dufþakur

Félagi Jón Þorleifsson,

Enn á ný hefur þú geyst fram á ritvöllinn. Er ég hitti þig síðast varst þú með nýútkomna bók eftir þig undir handarkrikanum. Og þar sem mér hafa þótt ritsmíðar þínar alla jafna forvitnilegar, þurfti ég ekki að hugsa mig um tvisvar áður en ég falaði af þér eintak. Sannarlega varð ég ekki fyrir vonbrigðum frekar en fyrri daginn og enn kemur þú á óvart með því að prófa nýtt svið í þessari listgrein. Áður hefur þú sent frá þér mokkurs konar endurminningar, greinar, ljóð og skáldsögu, en í þetta sinn hefur þú valið þér leikrit til að tjá afstöðu þína til samfélagsins.

Leikritið, sem ber heitið Yðar einlægur, segir frá viðskiptum verkamannsins Járngeirs við stórfyrirtækið Alfrjálst framtak, en hann telur það hafa brotið gerða samninga og svikið sig um launagreiðslur. Járngeir leitar réttar síns og hyggst fá til liðs við sig viðkomandi verkalýðsfélag, Verkamannaflokkinn þar sem hann er félagi og lögfræðinginn Loðhött. Málið dregst óeðlilega á langinn og engir þessara aðila virðast hafa áhuga á, að þetta mál leysist á farsælan hátt. Enda kemur á daginn hver ástæðan raunverulega er. Forystumenn verkalýðsfélagsins, aðaleigandi Verkamannaflokksins, Flóki, og lögfræðingurinn Loðhöttur eru nefnilega á mála hjá helstu eigendum Alfrjáls framtaks, sem múta þeim bæði leynt og ljóst.

"Þér ætti að vera kunnugt (þessum orðum beinir hann til undirtyllu sinnar, Faxa - aths. mín), að Sokkólfur greiðir meira fé í flokkssjóð, en nokkur annar maður, og auglýsingar frá Stórólfi (þessir tveir eru aðaleigendur Alfrjáls framtaks - aths. mín) eru langdrýgstu tekjulindir blaðsins. Og þú hlýtur að sjá hættuna, sem fylgir því að ráðast á sterkustu stoðirnar. Ég tel vissara að láta ekki geðveika menn etja sér út í ófæru. Járngeir hefur langa tíð ekki greitt neitt til okkar, umfram flokksgjaldið, sem er léttvægt móti því sem kemur frá hinum báðum, og það glatast ef við gerum okkur málsvara Járngeirs."

Í þessu leikriti kemur sem sagt vel í ljós hversu hinir sjálfskipuðu forystumenn verkalýðsins hafa fjarlægst þá, er þeir eitt sinn þóttust berjast fyrir. Og ekki einu sinni það; þeir reyna með öllum ráðum að brjóta niður vilja sérhvers launaþræls, ef þeir telja hagsmunum sínum borgið á annan hátt. Og þó er ekki öll sagan sögð. Vinnufélagar Járngeirs, sem eitt sinn stóðu við hlið hans í baráttu, hafa nú snúið við honum baki, er þeir sjá, hve þung högg honum eru greidd. Járngeir verður því að berjast einn síns liðs og gegn slíku ofurefli, sem einskis svífst, má hann sín lítils, hversu viljasterkur sem hann er sjálfur.

Mér virðist, Jón, að þú byggir þetta verk þitt að meira eða minna leyti á persónulegri reynslu, því fáa þekki ég, sem hafa barist svo hatrammri baráttu gegn samtryggingakerfi auðvaldsins og stjórnmálaflokka þeirra, auk forystumanna verkalýðahreyfingarinnar, án þess að hafa sýnt á sér nokkurn bilbug. Vafalaust má finna á þessu leikriti ýmsa skáldlega hortitti, en umfram allt er þetta einlægt verk og framsetning þess er ekki á neinu rósamáli.

Að svo mæltu slæ ég botninn í bréf þetta með von um að sjá fleiri ritsmíðar eftir þig í framtíðinni.

Yðar einlægur aðdáandi,

Dufþakur.

P.S. Tilgangurinn með því að birta bréfið í blaði sem kennir sig við verkalýð, er sá að vekja athygli á skrifum þínum, því þú ert höglátur maður og lítt gefinn fyrir að auglýsa þig.

Aðrir virðast að minnsta kosti ekki hafa áhuga á því og bókmenntaskríbentar dagblaðanna hafa þagað þunnu hljóði um ritsmíðar þínar.

Tímaskekkja

framhald af baksíðu

herstöðvaandstæðingar hafa ekki mætt því með raunhæfri stefnumótun. Einhliða andstaða við NATO yfirgnæfir allt annað og er útskýrð með því að það sé jú NATO sem skipti Ísland máli af því að "það er hér". Og tímaskekkjan í málflutningi Samtaka herstöðvaandstæðinga er að verða fáránlegri með hverjum deginum - því miður. Greinilegast varð þetta nú um daginn þegar kastljósinu var beint að kjarnavopnum í Keflavík. Vandlega var sneitt hjá því hver varpaði sprengjunni, hvers vegna hann ætti í stríði, hvaða aðrir möguleikar á hernaðaraðgerðum gegn Íslandi kæmu til greina og hvort verjast mætti árásum o.s.frv. Byrji menn á slíku eru þeir komnir á bólakaf í samtíðina og Sovétríki nútímans.

HVER ER STEFNA KS?

Ég vísa því á bug að Kommúnistasamtökin ástundi gagnrýni á Samtök herstöðvaandstæðinga vegna "Kínalínu". Slíkar staðhæfingar eru bara tilefni til að skjóta sér undan alvarlegri umræðu. Mönnum væri hollt að athuga fylgi og árangur SHA og sjá hve margir almennir skattborgarar fylgja "Kínalínunni" voðalegu.

Það er að mjög litlu leyti Sovétvinátta einstaklinga sem ræður tímaskekkju herstöðvasamtakanna. Aðallega er um að ræða tvennt: Vantrú á stríðshættuna og trúin á hlutleysi án vopna sem tryggingu fyrir að allt fari vel. Þýskt hernám var hindrað með breskum vopnum - gæti farið verr síðar, eða er allt slíkt útilokað á öldinni?

Stefnumótun eins og Þorvaldur Örn ræddi um í 10. tbl. verður að leggja mesta áherslu á atriðin tvö með fræðslu og aftur fræðslu.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar verður að prjóna **við** grein Þorvaldar í **næsta** blaði og svara því **hvaða** stefnu Kommúnista**samtökin** hafi í herstöðva**málinu.**

Ari T. Guðmundsson.

úrverkalýðsbaráttunniúrverkalýðsbaráttunniúrverkalýðsbaráttunniú



"VSÍ veit líka betur en nokkur annar, að ASÍ er eins og risi á brauðfótum í dag".

Viðtal við Hrafnkel Jónsson

Verkamannafélagi Eskifjarðar

Verkalýðsblaðið hafði samband við Hrafnkel A. Jónsson gjaldkera Verkamannafélags Eskifjarðar. Viðtalið er tekið áður en samningar höfðu tekist:

Staðan í samningamálunum

Hrafnkell sagðist ekki vera ánægður með tilskipanirnar frá samninganefnd ASÍ um boðun verkfalls núna. Upplýsingarnar sem fylgdu tilskipuninni hefðu verið af skornum skammti og ástæðurnar fyrir því að aðgerðir væru boðaðar einmitt núna en ekki á einhverjum öðrum tíma hefðu ekki verið skýrðar fyrir félögum.

Aðstæður margra á Eskifirði eru slíkar, að fólk hefur ekki efni á löngu verkfalli. Þar kemur margt til t.d. léleg loðnuvertíð s.l. vetur, lítil vinna í sumar og auknar skattaálögur.

Alþýðusamband Austurlands hefur nýverið haldið fund þar sem fram kom að fleiri en Hrafnkell eru óánægðir með "tilskipanirnar að sunnan" og lélegt upplýsingastreymi til félaga úti á landi.

Framkoma Vinnuveitendasambandsins

Hrafnkell sagðist ekki eiga nógu sterk lýsingarorð í fórum sínum til að lýsa framkomu Vinnuveitendasambandsins, sérstaklega hvað varðar Þorstein Pálsson. VSÍ hefur sýnt einstaklega mikla lítilsvirðingu og fyrirlitningu í garð verkafólks sem berst í bökkum. VSÍ stráir salti í sárin og ögrar verkafólki, sem mest það má. Þorsteinn Pálsson veit vel að ástandið á heimilum verkafólks leyfir ekki langar og harðar aðgerðir vegna sífellt meiri kaupmáttarrýrnunar, aukinna skattaálaga o.s.frv. VSÍ veit líka betur en nokkur annar, að ASÍ er eins og risi á brauðfótum í dag.

Pólsk fyrirmynd

Hrafnkell telur að nota verði nýjar aðferðir til að beita þrýstingi í samningum. Ekki er hægt að sætta sig við, að setið sé við samningaborðið mánuðum saman án þess að neitt gerist.

Hann varpaði fram þeirri hugmynd að sjónvarpa beint frá samningum eins og verkafólk í Póllandi hefði krafist. Þannig má ef til vill koma í veg fyrir þennan skrípaleik. Hægri menn hljóta að fagna þessari hygmynd, allavega bera þeir mikið lof á aðgerðirnar í Póllandi.

Sömuleiðis verður upplýsingastreymi til almennra félaga að vera miklu meira og jafnara en það er í dag.

En þessar strjálu upplýsingar sem berast að sunnan þessa dagana, vekja ekki mikinn áhuga hjá fólki, enda hafa skoðanir þess ekki mikil áhrif.

Miðstýring VSÍ er jafnvel meiri en hjá ASÍ - og hana verður að brjóta á bak aftur ef samningar færast heim í hérað.

Hrafnkell segist ekki hafa neinar patent lausnir en skoðun hans væri sú að hægt er að skrifa undir samninga strax á morgun (eins og kom á daginn, innskot Vbl.) .
VSÍ græðir hundruð milljóna á því að hafa samningana lausa. Þeir geta því skrifað undir sáttatillöguna núna hálfum mánuði seinna, því tíminn vinnur með þeim.

Lögbinding sáttartillögu er tvíeggjuð vegna þess fordæmis sem hún gefur. Með lögbindingu er vissulega verið að ganga ennfrekar á samningsréttinn. En Gunnar Thoroddsen á í skrifborðsskúffunni tillögur um breytingar á vinnulöggjöfinni, sem samin er í anda Vinnuveitendasambandsins - því má ekki gleyma sagði Hrafnkell að lokum.

Hvað ber að gera?

Að bjarga stjórninni á kostnað launþega

Sama sem núll

Það er forvitnilegt að bera bera forsíðu síðasta heftis Ásgarðs, tímarits BSRB, saman við aðgerðir O-flokksins hér forðum daga. O-flokksmenn skiptust endalaust á pappírum í sjónvarpinu, en samninganefndin virðist vera að undirbúa að skrifa undir eitt stórt 0 (núll). Í forystugrein er það viðurkennt að launahækkanir séu "ekki miklar". Sú söguskoðun kemur fram, að ekki sé grundvöllur fyrir verkfalli, "sem árangur beri". Það er fyrirfram gefið. En hvernig hefði félagsmaður brugðist við sömu forystugrein, ef formaðurinn hefði bætt við tveimur veigamiklum athugasemdum:
1) Varlega áætlað nemur kjararýrnun undangengins árs einum mánaðarlaunum.
2) Með þessum samningum er verið að lögbinda kjararýrnun allan samningstímann.

Furðulegar reiknikúnstir

Hugmyndafræðin að "ekki sé ráðrúm á peningalaunahækkunum" er viðurkennd í raun. Og þá skiptir ekki máli hvað menn kalla samningana. Þjóðviljinn kallar þá láglaunasamninga. Slíkt flokkast undir hræsni ef litið er á málin. Þjóðviljinn leggur nefnilega saman 14þús krónurnar, flokkatilfærslur (hugsanlegar) og vísitöluþak. Svona reikningskúnst er fals (sjá nánar Dagblaðsgrein-.

Mogginn hefur það eftir starfsmanni BSRB, að launahækkun hefði þurft að vera 25% til að vinna upp kjararýrnun. Mér er spurn, hvenær á að vera búið að vinna hana upp? Við undirritun samninga, um jól, eftir ár?? Segjum svo að laun hefðu hækkað um 25% frá og með 1.8. sl. Laun í 11.lfl. 3.þrepi hefðu t.d. orðið 100 þúsund krónum hærri. Samkvæmt slíkum útreikningi myndi kjararýrnun sl. árs samt aldrei vinnast upp, því allir vita að með núverandi fyrirkomulagi hækkar verð jafnt og þétt en ekki bara á 3 mánaða fresti eins og launin. Óskert laun merkir hins vegar að laun haldi alveg í verðbólguna, ekkert annað.

Því miður er það staðreynd að það er fyrst og fremst verið að tryggja setu ríkisstjórnar en ekki að tryggja laun gegn verðbólgu. Forystumenn tala um að nú sé tími til að vígbúast (út samningstímann). Það er eins gott að það sitji ekki enn "vinveitt ríkisstjórn" við endalok samningstímans, svo fresta þurfi væntanlegri orustu.

Að lokum: Félagar höfðu litla hugmynd um, um hvað var samið. En hvað áttu menn að halda? Allir stjórnmálaflokkar studdu samkomulagið. Vilji fólks er allt annar en kom fram í kosningunum. Ég tel það mikinn sigur að meira en 1000 manns mótmæltu. Standið því saman 1000-menningar!

þl.



Framfærslukostnaður hækkar eins og hallandi línan sýnir. Hækkunin er reiknuð út þegar 2 mánuðir eru liðnir af þessum 3 (hringjalínan). Launin hækka svo í lok tímabilsins (krossalínan). Skástrikaða svæðið táknar KJARARÝRNUN.

framhald af forsíðu

Flokksþjónkun og úreltir starfshættir

Ég hef t.a.m. ekki mikla trú á að fyrirhugaðar dagsaðgerðir hafi breytt miklu um gang samningamálanna.

Það var reyndar samið á endanum, en manni var farið að sýnast það jafnvel eins góð lausn, að ráða 3 - 5 menn til að afgreiða kjaramálin með vissu millibili. Það væri alla vega mun ódýrara en þessi skrípaleikur og ekki víst að útkoman yrði miklu lakari. Menn skyldu hafa það í huga að það er ekki miklu stærri hópur, sem mestu ræður um niðurstöður samninga.

Ríkjandi félagshættir í verkalýðshreyfingunni

Ríkjandi félagshættir í verkalýðshreyfingunni eru staðnaðir og aftur úr grárri forneskju. Svo til eina formið sem er notað eru félagsfundir Sumsstaðar eru þeir haldnir einu sinni til tvisvar á ári, annars staðar mun oftar. Það telst víst gott, ef 10% félagsmanna mæta, og oft eru mun færri.

Einföld atriði, sem væru til mikilla bóta, eins og vinnustaðafundir, eru sárasjaldgæf.

Í seinasta tbl. Verkalýðsblaðsins, var sagt frá nýstárlegri tilraun, sem Trésmiðafélag Akureyrar stóð fyrir. Félagsmenn voru boðaðir á fundi í hádeginu, dálítill hópur í hvert skipti. Þetta gafst vel. Það voru gjarnan vinnufélagar sem voru boðaðir saman og umræður ku hafa verið góðar.

Svona nýbreytni telst til undantekninga og reyndar ekki ólgengt, að forystan líti nýjar hugmyndir heldur óhýru auga, svo fremi þær séu ekki frá henni sjálfri komnar.

Sökinni er svo oft skellt á félagsmenn. Þeir nenna ekki á fundina, eru áhugalausir, taka of mikinn þátt í lífsgæðakapphlaupinu o.s.frv.

Það er líka viðast mikið djúp milli forystu og fjölda, jafnvel í félögum þar sem ráðandi eru vel meinandi forystumenn.

Skýringin á áhugaleysinu er vitaskuld fyrst og fremst sú að hinum almenna félaga finnst hagsmunum sínum illa sinnt og oft hafa menn séð að frumkvæði þeirra er ekki sérlega velkomið.

En forystan skammast og segir: "Fjöldinn vill ekki koma til okkar".

Ef forystan meinar eitthvað með umkvörtunum sínum um litla þátttöku, á hún að fara út til fólksins á vinnustaðina og reyna að gera starf félaganna meira.

S.I.

framhald af baksíðu

Sem sagt- við þurfum að starfa með öllum þeim sem eru sammála okkur um hina ýmsu þætti verkalýðsbaráttunnar. Og það er eins víst að það sé sjaldan sama fólkið í öllum þáttunum. Þetta getur verið erfitt en það er þess virði að reyna það. Fyrir þingið þurfum við að reyna að undirbúa okkur sem best. Besti undirbúningurinn er að mínu viti að tala við fólk á vinnustöðum og fá að heyra álit þess og hvað það vill að við gerum á þinginu.

F.

Landsráðstefna Samtaka herstöðvaandstæðinga

Eins og flestum lesendum blaðsins er kunnugt, héldu Samtök herstöðvaandstæðinga landsráðstefnu sína á Akureyri helgina 18.-19. okt. Þetta er í fyrsta skipti sem slík ráðstefna er haldin utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Það hafði þær afleiðingar að landsbyggðafólk var mun fjölmennara á þessari ráðstefnu en þeim fyrri.

Það hefur verið stór galli á fyrri ráðstefnum að fólk hefur rápað út og inn og sett losarabrag á samkomuna með þeim hætti. Ekki var um slíkt að ræða fyrir norðan. Þessi ráðstefna var mun betur undirbúin en maður á að venjast, þó hefði átt að senda umræðugögn út fyrr. Það setti ljótan svip á ráðstefnuna síðari daginn að sumir komu til leiks svefnlausir og jafnvel undir áhrifum áfengis. Það gefur auga leið að menn í slíku ástandi eru ekki færir í að hugsa skýrt, hvað þá taka þátt í umræðum. Þó létu einstaka menn sig hafa það og töfðu þannig tímann með innihaldslausu kjaftæði. Svona framkoma er ekkert annað en lítilsvirðing við aðra ráðstefnugesti og ekki síst við málstaðinn.

Mörgum leikur eflaust forvitni á að vita hvað kom út úr þessari ráðstefnu. Til þess að varpa einhverju ljósi á það er rétt að athuga um hvað var rætt og hvað var samþykkt.

Skipulagsmál voru töluvert til umræðu á ráðstefnunni. Snerust þær aðallega um hvort



Skemmtiatriði voru flutt milli dagskrárliða. Þorvaldur Örn söng lag við ljóð Jakobínu Sigurðardóttur. Einnig kom fram akureyrskur sönghópur sem m.a. söng bráðsmellinn texta við eitt vinsælt dægurlag.

stofna ætti landsnefnd og hvort breyta ætti landsráðstefnu í fulltrúaráðstefnu. Þessu var öllu saman vísað til miðnefndar.

Lítillega var rætt um þjóðaratkvæðagreiðslukröfuna. Samþykkt var að stofna kjördæmanefndir til að vinna að framgangi málsins og einnig var samþykkt að hvetja herstöðvaandstæðinga í öllum flokkum til þess að fá flokkana á þjóðaratkvæðagreiðsluhugmyndina.

Utanríkismál voru ekki mikið rædd, þó var miðnefnd gagnrýnd fyrir að taka ekki þátt í aðgerðum gegn íhlutun Sovétríkjanna í Afganistan. Í framhaldi af þeirri umræðu urðu nokkrar deilur um það með hvaða samtökum SHA eiga að starfa og hvenær. Samþykkt var tillaga sem sagði að SHA skyldu taka þátt í aðgerðum með öðrum samtökum ef þær tengdust beint markmiðum SHA. Þetta þótti sumum loðið orðalag og teygjanlegt. Því ber þó að fagna að horfið er frá hinni fáránlegu samþykkt að starfa aldrei með neinum öðrum samtökum.

Rætt var um almannavarnir. Tillaga kom um að SHA tækju upp kröfu um stórefldar almannavarnir í stríði. Það var eins og verið væri að bjóða nokkrum mönnum rottueitur. Rokið var í ræðustól og vitnað í bandarískra lækna og hvaðeina. Í stuttu máli var útkoman þessi:
1) "Krafan um almannavarnir eykur hættuna á stríði". Rök: Ef almannavarnir verða góðar, þá verður fók sinnulaust í baráttunni gegn hernum og fyrir friði.
2) "Almannavarnir eru

Frá landsráðstefnu SHA á Akureyri

blekking". Rök: Upp úr bandarískum læknaskýrslum.
3) "Krafan um almannavarnir er uppgjafarstefna". Rök: Ef við krefjumst eflingar almannavarna þá viðurkennum við að stríð geti skollið á áður en við höfum komið hernum úr landi.

Ég tel þessi rök öll í hæsta máta undarleg. Sambúð austur og vesturs versnar með hverjum deginum sem líður. Sovétmenn fara með eldi og drápum um Afganistan, Írakar og Íranir berja hvorir á öðrum, Bandaríkin styrkja söðu sína og svo mætti lengi telja. Og eigum við svo bara að bíða og vona að ekki skelli stríð á fyrr en herinn er farinn héðan, og láta allar almannavarnir lönd og leið. Ég hélt að slíkt væri kallað að "fljóta sofandi að feigðarósi"?

Samþykkt var að Dagfari kæmi út tvisvar á ári með sama sniði og síðasta tölublað hans. Einnig á að gefa út fréttabréf sem kemur oftar út og verður umræðuvettvangur félaga.

Gagnrýni kom fram á það atriði að aðgerðum SHA væri ekki fylgt nægilega vel eftir og ekkert gert til þess að virkja þátttakendur í áframhaldandi starf. Samþykkt var að reyna að bæta úr þessu.

Ný miðnefnd var kjörin og að þessu sinni völdust í hana menn, sem hafa tekið þátt í störfum samtakanna af krafti sl. ár. Það má því ætla að hún verði öflugri en forverar hennar. Miklu magni af tillögum vísaði landsráðstefnan til miðnefndar og hennar bíða því mörg verkefni. Auk þess sem hún verður að koma af stað virkara starfi sem víðast. Skoðanakönnun Dagblaðsins sýndi að herstöðvaandstæðingar eiga minna fylgi en áður, hvort sem tölurnar eru alveg réttar eða ekki. Það þýðir að SHA verða að teygja arma sína í allar áttir og ná til fjöldans með betri málflutningi og fleiri aðgerðum en nokkurn tíma áður. Þó að útkoman úr landsráðstefnunni hafi að mörgu leiti verið léleg, er möguleikinn á að efla starfið fyrir hendi og hann verður að nýta.

Hafst.

Landsráðstefna SHA, séð með augum norðanmanna

Höfundar þessarar greinar hafa komið sér vel fyrir og gæða sér að tei og heilsubrauði með rabbabarasultu. Við erum í góðu formi að létta af samvisku okkar í sambandi við landsráðstefnu SHA sem haldin var á Akureyri, dagana 18.-19. okt. sl.

Addi: "Á ráðstefnunni mynduðust tveir andstæðir pólar, að mér fannst, þ.e. miðnefnd og Akureyrardeild. Þá aðallega vegna tillögu Guðmundar Sæmundssonar um landsnefnd. Það mátti jafnvel halda að ráðstefnugestir kysu um persónur sem voru með eða móti tillögunni en ekki um tillöguna sjálfa".
Inga: "Áberandi var, við afgreiðslu tillögu Guðmundar Sæmundssonar um landsnefnd og fulltrúakerfi, misskilningur sá, er eflaust má rekja til vanrækslu við lesningu fundarplagga. Sem dæmi nefni ég nýja túlkun á orðinu "lýðræði", sem kom fram hjá háttvirtum þingmanni Alþýðubandalagsins, Ólafi Ragnari Grímssyni. Hann taldi að með því að stofna fulltrúakerfi og auka þar með hlutdeild landsbyggðarinnar í stjórnun SHA, værum við að skerða lýðræði og frelsi deilda út á landi, sem er alger misskilningur hjá þeim góða manni.

Það gefur augaleið, að með því að hafa fasta fulltrúa frá landsbyggðinni, sem yrðu málpípur deildanna, kæmi landsbyggðin í betri samband við miðnefnd og aðrar deildir.

Tel ég þetta frekar aukningu á lýðræði, heldur en skerðingu".
Addi: "Það hlyti líka að efla starf herstöðvaandstæðinga úti á landi að hittast þó ekki væri nema tvisvar á ári og fá meiri yfirsýn yfir starfið. Þetta mundi tengja deildirnar úti á landi sterkari böndum við miðnefnd. En vissulega þurfum við ekki að örvænta strax, því þessari tillögu var vísað til miðnefndar sem vafalaust hlýtur að taka þetta mál föstum tökum og sjá um að þessi tillaga fái þá meðferð sem henni ber".
Inga: "Ef litið er yfir árangur ýmissa mála sem tekin voru fyrir á ráðstefnunni, virðist mér ýmislegt ansi óljóst. Eitt brýnasta málið að því er mér fannst, efling almannavarna, fékk hrottalega meðferð. Ráðstefnugestir voru augljóslega ekki á sama máli um þýðingu almannavarna. Ég tel það blekkingu eina að líta framhjá því að til stríðsátaka geti komið, þrátt fyrir yfirlýsingu um hlutleysi landsins og andóf gegn báðum hernaðarblokkum, ef herinn færi.

Við megum ekki gleyma því að hættan er alltaf fyrir hendi".
Addi: "Jákvæðast við ráðstefnuna var, að hún var ekki haldin á stór-Reykjavíkursvæðinu. Og vissulega getur þetta verið byrjun í að efla starfið út á landi.

Við lærðum vissulega mikið um þessa helgi, og líklega mest hvernig miðnefnd stendur gagnvart okkur. Kom það m.a. fram í undirbúningi landsráðstefnunnar, að hæfileiki okkar var dreginn í efa við ákvörðun ýmissa mála. En hver og einn verður að geta tekið gagnrýni og e.t.v. er þetta á misskilningi byggt hjá okkur.

Kannski hefur verið dregin heldur dökk mynd



af ráðstefnunni en ég verð bara að segja það hreinskilningslega að þessi ráðstefna olli mér og fleirum miklum vonbrigðum".
Inga: "Að lokum nokkur orð um kynningu miðnefndarmanna. Þarna stöðum við landsbyggðarmenn með plagg í höndunum um uppröðun miðnefndarmanna. Fæsta af þeim þekktum við, e.t.v. aðeins í sjón eða af afspurn. Báðum við því um kynningu sem lét ekki á sér standa. Fundarstjóri sá um kynninguna sem einskorðaðist við afrek tilvonandi miðnefndarmanna í sósíalískum félögum og aðgerðum. Að vísu á þetta ekki við um alla, en þetta var áberandi sjónarmið, sem því miður virðist vera greipt í huga margra.

Að sjálfsögðu ættu allir herstöðvarandstæðingar sem aðrir, að vita það að samtökin eru ekki flokkspólitísk, og ef við stuðlum að því að fá fólk með mismunandi stjórnmálaskoðanir, ætlum við að vara okkur á þessu".

Þó þessi ráðstefna hafi á margan hátt brugðist vonum okkar um bætt samstarf, vonum við að veturinn eigi eftir að leiða annað í ljós. Því eins og Guðmundur Georgsson sagði: "Þó okkur greini á um ýmis atriði, erum við þó sammála um meginmarkmiðin: "Ísland úr NATO, herinn á brott".

Með baráttukveðjum,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir.
Arngrímur Þór Gunnhallsson.

Ritgerðir um herinn

ritfregn

Út er komið 3.hefti í Ritsafni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, röð smárita. Hefur heftið að geyma Sex ritgerðir um herstöðvamál eftir stúdenta í sagnfræði við heimspekideild H.Í. Ritgerðirnar voru samdar á valfrjálsu námskeiði á vormisseri 1979: Varnarmál og herstöðvar á Íslandi síðan 1940. Í formála Gunnars Karlssonar, sem sá um námskeiðið, segir að ritgerðirnar hafi fyrst og fremst verið samdar höfundunum til lærdóms og þjálfunar. Eftir á hafi komið upp hugmyndin um að gefa þær út og séu ritgerðirnar lítið breyttar.

Ritgerðirnar eru þessar, í réttri röð.:

Búnaður og tilgangur herstöðvarinnar eftir Þorstein Þorhallsson. Ritgerðin er sögulegt yfirlit um þetta efni. Í lokaorðum segir að á 6. áratugnum hafi herstöðin aðeins haft pólitískt gildi en eftir 1960 þegar sovéski flotinn hafi komið suður á Atlantshaf þá fylgist herstöðin með flotanum, ekki síst kafbátum. Síðan segir: "Meðan kjarnorkukafbátar risaveldanna þurfa að sigla framhjá Íslandi til að komast í skotstöðu þá verður Keflavíkurstöðin eitt af fyrstu fórnarlömbum kjarnorkustríðs."

Þá skrifar Helgi Hannesson ritgerðina Árásarhætta á Íslandi vegna herstöðvarinnar. Hann fjallar um hættu á hernámi Sovétríkjanna á Íslandi, hættuna á sovéskri árás á hernaðarmannvirki USA hér á landi og hugsanlegar afleiðingar slíkrar árásar. Helgi hefur áður skrifað um svipað efni í Dagfara, 1.tbl. 1980. Auk þess hefur Helgi skrifað BA-ritgerðina Koma Bandaríkjahers 1951: Aðdragandi og viðbrögð. Er hún varðveitt á Háskólabókasafni.

Þriðja ritgerðin er ritgerð Hafsteins Karlssonar um Samtök gegn hernum. Hún fjallar um skipulögð samtök utan stjórnmálaflokka en höfundur kveður slík samtök aldrei hafa verið sterkari en þegar "hægri" stjórn hafi verið nýtekin við völdum. Umfjöllun höfundar nær fram að Staparáðstefnunni í október 1975 þegar núverandi Samtök herstöðvaandstæðinga voru stofnuð.

Þá fjallar Bragi Guðmundsson um Félög um vestræna samvinnu. Hann fjallar um Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg sem urðu til í kjölfar vinstristjórnar í kringum 1960. Auk þess fjallar höfundur um tengsl þessara samtaka við skrifstofu upplýsingadeildar NATO á Íslandi og við önnur félagasamtök. Meðal heimildarmanna er Magnús Þórðarson, framkvæmdastjóri fyrrnefndrar skrifstofu.

Næst í röðinni er ritgerð Rögnu Halldórsdóttur: Afstaða Alþýðusambands Íslands til varnarmálanna. Í ritgerðinni kemur fram að ASÍ beitti sér gegn samþykkt um að hingað kæmi bandarískur her 1946 enda "vinstri" - stjórn þá í ASÍ. M.a. var beitt allsherjarverkfalli. Á árunum 1947-1960 mótmælti ASÍ öðru hverju hersetunni en síðan ekki fyrr en 1976. Á þingi ASÍ það ár voru samþykktar tillögur bæði gegn hernum og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Af frásögn Rögnu má ráða að þessi breytta afstaða ASÍ eigi rót sína að rekja til þess að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið, sem töglin og halgdirnar höfðu í ASÍ, voru í stjórnarandstöðu. Samþykktin hafi verið tæki í baráttunni gegn ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðismanna.

Síðust í röðinni er ritgerð Erlings Brynjólfssonar um Tengsl herstöðvamáls og landhelgismáls. Fjallar hún um samskipti Íslands og NATO við upphaf fiskveiðideilunnar 1958-61 og styðst einkum við dagblöð en einnig við umræður á Alþingi 1961 og ritgerð eftir Magnús Kjartansson í Rétti 1958.

Mat höfundar á heimildum er vandað og ritgerðin er fróðleg um hver áhrif það vopn Íslendinga að hóta úrsögn úr NATO getur haft í þessu þorskastríði. Enn er hins vegar eftir að kanna á svipaðan hátt seinni þorskastríðin.

Ekki verður af lauslegum yfirlestri séð mikið um afstöðu höfunda til hersins á Miðnesheiði. Þó leynir sér ekki afstaða Hafsteins Karlssonar þar sem hann talar um "ágæta Keflavíkurgöngu" (bls 34). Í heild er þó hvorki umfjöllun hans né annara á neinn hátt áróður fyrir neinum sérstökum málstað. Ritgerðirnar leggja hins vegar til þekkingu og þess vegna er útgáfa þessa 78 blaðsíðna kvers merkur viðburður. Vonandi heldur Sagnfræðistofnun áfram að gefa út rit af þessu tagi eftir stúdenta, landslýð til fróðleiks.

Verð ritsins er 4000 krónur og mun það væntanlega fást í Októberbúðinni. Upplag mun vera fremur takmarkað.

Baldur.

Guðlaugur Arason kemur á óvart

Nýjar bækur eru dýrar. Og maður hugsar sig tvisvar um áður en maður fjárfestir í slíkum varningi. Því er sjálfsagt að segja öðrum álit sitt á þeim nýju bókum sem maður hefur lesið, svo að þeir kaupi ekki bók sem kannski er léleg og leiðinleg. Að vísu er bókmenntasmekkur misjafn. Sumir leita aðallega eftir spennu í bókum, t.d. skyldu elskendur ná saman í lokin eða deyr annar aðilinn, tekst leynilögreglumanninum að hafa hendur í hári bófans og svo framvegis. Aðrir leita ekki endilega eftir spennu, heldur hvort sagan er vel sögð, hvort innihaldið skilji eitthvað eftir sig að lestri loknum. Þetta er þó ekki einhlít skipting, heldur frekar gróft dregnar línur.

Guðlaugur Arason

Nýlega kom út sagan Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Þetta er fjórða skáldsaga höfundar. Áður hafa komið út: "Vindur, vindur, vinur minn", "Víkursamfélagið" og "Eldhúsmellur". Síðastnefnda bókin kom út í hitteðfyrra ef ég man rétt. Ekki fór það framhjá neinum, slíkur var bægslagangurinn, verðlaunaafhending og tilheyrandi auglýsingaskrum. Sú bók var þó ekki slíks verð. Hún olli mér miklum vonbrigðum og satt að segja bjóst ég ekki við miklu frá Guðlaugi Arasyni í bráðina. En þar skjátlaðist mér. Pelastikk er nefnilega mjög góð skáldsaga, og hún kemur til móts við þessa tvo lesendahópa sem ég nefndi hér að ofan.

Sagan fjallar um tæplega níu ára gamlan strák á Dalvík sem fær að fara á síldveiðar á einum Dalvíkurbátnum. Í fyrstu stóð til að hann færi aðeins einn til tvo túra, en svo fer að hann er á bátnum alla vertíðina. Sögumaður fylgir stráknum og atburðum er lýst frá hans sjónarhóli. Stundum talar sögumaður þó beint til lesanda. En sjómannslífinu er lýst eins og átta ára gamall drengur sér það. Og sú lýsing er raunsæisleg og ekkert gerist sem ekki getur gerst í raunveruleikanum. Drengurinn kemst að því að sjómannslífið er ekki bara skemmtun eins og hann hélt áður:

"Á þessu sumri höfðu hygmyndir hans um sjómennskuna breyst mikið. Hann hafði uppgötvað að síldveiðar voru annað og meira en skemmtun við glampandi kvöldsólareld, einhversstaðar á Grímseyjarsundi. Hann þekkti nú orðið biðina, tilbreytingarleysið við að keyra fram og aftur um sjóinn, dag eftir dag, í von um að finna síld, vonleysið þegar búmmað var og gleðina þegar vel tókst til. Nú vissi hann hvernig það var að vera samskipa sömu mönnunum vikum og mánuðum saman, heyra þá tala um sömu hlutina viku eftir viku, hlusta á vonir þeirra og þrár, sem flestar voru bundnar því að komast í land og segja skilið við þennan sjötíu tonna heim sem þeir flutu á." (192).

Það er þetta sem sagan fjallar um, störf sjómannanna, gleði þeirra og vonbrigði. Drengurinn tileinkar sér málfar sjómannanna og hugsanir hans snúast um síldina. Ekki síst þetta gerir söguna fyndna. Og inn á milli sinna sjómannslegu hugsana, þráir hann að komast heim í kabojleik með strákunum.

Á bókarkápu er gefið í skyn að Eldhúsmellur og Pelastikk eigi eitthvað sameiginlegt, að mínu mati er það bara höfundurinn og ekkert annað. Ég mæli hiklaust með þessari bók, ekki bara fyrir fullorðna, heldur líka unglinga og jafnvel börn.

Hafst.

Utangarðsmenn: Rokkað gegn her, skallapoppi og sundurlyndi

tónlist

Nýlega kom á markaðinn fyrsta plata Utangarðsmanna. Þetta er hæggeng fjögurra laga plata (seld á sama verði og tveggja laga plata).

Besta lag plötunnar er ansi "sterkt" reggaelag sem heitir "Rækju-reggae (ha-ha-ha)". Í textanum er deilt á skallapoppararana svokölluðu í HLH-flokknum og Brimkló og áhangendur (fórnarlömb) þeirra. Karl Sighvatsson aðstoðar með orgelleik á sinn smekklega hátt. "Rækju-reggae (ha-ha-ha)" er tvímælalaust eitt af bestu lögum ársins. Þó hefði ég persónulega kosið að hafa ágætan söng Bubba Morthens örlítið framar í hljóðblöndun lagsins.

Lagið "13-16" er fast að því eins "sterkt" og "Rækju-reggae (ha-ha-ha)".

Í textanum er boðuð samstaða "Hallærisplansæskunnar". Söngurinn hjá Bubba er kraftmikill og fellur vel að harðri rokkútsetningu lagsins.

Hlið B er örlítið "veikari" en hlið A. Lagið "Miðnesheiði" er hart og kraftmikið rokklag eins og "13-16". Textinn er ádeila á heimdellinga, Karl Steinar og aðra íslenska kanadindla.

En hversvegna er Karl Steinar kallaður Charleston Steiner í textanum? Svari nú hver fyrir sig.

Síðasta lag plötunnar er "instrumental" útgáfa á laginu "Rækju-reggae (ha-ha-ha)". Það er gaman að þessari útgáfu. En sem einlægur aðdáandi jamaísku reggaetónlistarinnar finnst mér vanta hljóðblöndunarleiki (dub) í verkið.

Vaxandi reggaesveifla í tónlist Utangarðsmanna er ánægjuleg. Hitt þykir mér verra ef blúsinn fellur í minnihluta fyrir harða rokkinu.

Harða rokkið getur svo sem verið ágætt í vissum tilfellum eins og í "13-16".

En það er nóg af hljómsveitum sem geta spilað og spila hart rokk hérlendis. Hins vegar hefur aðeins einni hljómsveit tekist að gera blúsinum góð skil. Á ég þar auðvitað við Utangarðsmenn, sem eru svo lánsamir að hafa hinn raddsterka blússöngvara Bubba Morthens við söngkerfið.

- j.guð.

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: kr. 400
Árskrift: kr. 6.000
Ársstuðningsáskr: kr. 12.000
Árskr. til útl: kr. 12.000

Verkalýðsblaðið

16.tbl. 9.árg. 10.11.1980



Ráðstefna um varnarmál

- Hverjar voru orsakir II. heimsstyrjaldarinnar?
- Stefndu báðir stríðsaðilar að hersetu á Íslandi?
- Hver var stefna sósíalista?
- Hver er þróun vígbúnaðar og togstreitu risaveldanna?
- Hverjar eru NATO-varnirnar og hvert er gagn þeirra?
- Er til íslenskur valkostur í varnarmálum?

Þessum spurningum og fleirum verður væntanlega svarað á ráðstefnu Kommúnistasamtakanna 1. og 2. desember. Það er vel við hæfi að minnast fullveldis Íslands með ráðstefnu af þessu tagi því umræður og stefnumótun um varnarmál eru löngu staðnaðar - meðan stríðshættan eykst. Ætlunin er að bjóða til þátttöku fólki úr öllum stjórnmálasamtökum landsins, ýmist til framsögu eða pallborðsumræðna síðara ráðstefnukvöldið. Almennar umræður verða einnig.

Hér er gott tækifæri til þess að hressa við stefnumótun í varnarmálum, fræðast um brýn málefni og hlusta á skarpar umræður.

Ráðstefnan hefst kl. 20.30. bæði mánudagskvöldið 1. og þriðjudagskvöldið 2. des. Fundarstaður er enn óákveðinn. Merkið við dagana á almanakinu og fylgist með auglýsingum.

-agé.

Pældu í'ði

leiklist

Nýjasta leikrit Alþýðuleikhússins er í raun bein fræðslusýning. Sýningin tekur fyrir samskipti unglinga og fléttast kynfræðsla inn í söguþráðinn. Hér hafa skólarnir fengið í hendur lifandi kennslugagn sem hjálpar þeim að framfylgja lögum um kynfræðslu í skólum. Fræðsluráði R.víkur, skólayfirvöldum, kennurum og nemendum var boðið á síðustu æfingu fyrir frumsýningu til að meta hvort leikritið ætti erindi inn í skólana, sem hluti af kennslunni. En slík tilhögun finnst leikurum Alþýðuleikhússins æskilegust. Eftir sýninguna voru umræður milli áhorfenda og leikara.

Unglingarnir tóku virkan þátt í umræðunum og var það skemmtileg tilbreyting frá einhliða mötun sem alltof oft á sér stað innan veggja skólans. Allir áhorfendur báru lof á sýninguna, sumir töldu þó að efnið væri ekki æskilegt innlegg í kennslu. Þeir báru því við að foreldrar gætu verið ósammála efni leikritsins og kvartanir mundu berast. Virtist sem þarna væri á ferðinni tillitsemi fyrir hönd foreldra sem ekki örlar á þegar um kennslu í öðrum greinum er að ræða, t.d. sögukennslu. Og allir vita að foreldrar hafa lítil afskipti af störfum skólans almennt séð og að ekki er leitað eftir þeirra skoðunum.

Unglingarnir og margir kennarar töldu hinsvegar að sýningin ætti fullt erindi inn í skólann og að hún væri æskileg.

Það er því full ástæða fyrir nemendur og kennara að þrýsta á að sýning á leikritinu verði í öllum þeim skólum sem Alþýðuleikhúsið hefur tök á að sýna í. Foreldrar eru hérmeð hvattir til að fara á almennar sýningar sem Alþýðuleikhúsið gengst fyrir.

H. Gunn.

ASÍ—þing

Nú er ASÍ-þing á næsta leiti, hefst 24.nóv.n.k. Þar verða áreiðanlega einhverjir kommar og aðrir baráttusinnar í hópi hinna 400 fulltrúa. En hvernig ber okkur að starfa þar? Nú er brýnt að við störfum með fólki en ekki á skjön við það eins og svo oft áður. En hverjum eigum við að starfa með? Þetta er tilraun til svars.

-Við þurfum að starfa með því fólki sem finnst verkalýðsforystan hafa orðið sek um stéttasamvinnu og undanlátssemi.

-Við þurfum að starfa með því fólki sem finnst forystan hafa haldið verndarhendi yfir ríkisstjórninni.

-Við þurfum að starfa með þeim, sem þykir svik forystunnar við farandverkamenn bloður.

-Við þurfum að starfa með iðnnemum, sem finnst forystan starfa illa að þeirra málum.

lesendabréf

sem finnst hafa orðið heldur lítið úr "barnaárskröfunum" svonefndu í samningagerðinni.

-Við þurfum að starfa með landsbyggðarfólki, sem finnst miðstýring og samflotastefnan þrúgandi og

-Við þurfum að starfa með verkakonum og öðrum eyðileggjandi fyrir starf sitt.

-Við þurfum að starfa með því fólki, sem vill koma á lýðræði í verkalýðshreyfingunni auka virkni almennra félaga og bæta skipulag hreyfingarinnar.

-Við þurfum að starfa með þeim, sem vilja að verkalýðshreyfingin láti til sín taka í baráttunni fyrir brottför hersins og úrsögn ú NATÓ.

framhald á síðu 5

Tímaskekkja herstöðvabaráttunnar

Hún er orðin inngróin í okkur andstaðan við NATO-aðildina og veru hersins hér. Í áratugi hefur okkur fundist útilokað að vera frjáls þjóð í frjálsu landi. Lengi framan af gátum við vísað á bug áróðri NATO-sinna um að Sovétríkin ógnuðu heimsfriðinum. Þá voru ennþá leifar sósíalismans til í því landi, herbúnaður lítill og Kremlverjar skiptu sér einungis af Varsjárbandalagsríkjunum. Kommagrýlan hreyf ekki svo glatt.

HEIMURINN BREYTIST

En síðan þá hefur margt óneitanlega breyst. Innan landsástandið í Sovétríkjunum er miklu verra en áður, Varsjárbandalagsríkin eru komin framúr NATO á mörgum sviðum hernaðar og þau skipta sér af málum ríkja um allan heim, hernema þau jafnvel.

NATO-sinnar hafa ekkert

skiptar skoðanir

breytt málflutningi sínum, en fjölmargir herstöðvaandstæðingar sjá samt ekki að hann er nær sannleikanum en áður.

Herstöðvaandstæðingar hafa fæstir breytt sínum málflutningi og telja ekki að hann hafi fjarlægst raunveruleikann.

Afleiðing þessa er að stór hluti þjóðarinnar, sem ekki hefur fylgt öðrum hvorum málsaðila ákveðið, verður jákvæðari í garð NATO-sinna en ella. Þróun alþjóðamála hefur sem sagt snúist málflutningi NATO-sinna í hag en

framhald á síðu 3

Glæsilegur bókamarkaður

Vegna þess að síðasta blað kom svo seint út sem raun ber vitni, hefur BÓKAMARKAÐUR OKTÓBERBÚÐARINNAR verið framlengdur til 1.des. Þar fást margar góðar bækur á undarlega lágu verði. Allar íslenskar bækur eru seldar með 20% afslætti. Meðal þeirra eru gamlar og góðar bækur um ýmsa þætti baráttunnar og einnig nýlegar barnabækur. Allar enskar, danskar, norskar og þýskar bækur eru seldar með 20% afslætti. Meðal þeirra eru verk frumkvöðla marxismans, skáldsögur og bækur um margvísleg efni. Allt útgáfuefni Októberforlagsins er selt með 50% afslætti. Þar á meðal eru hin vinsælu Bráðabirgðalög, Rauðliðinn og Baráttuleið alþýðunnar. Auk þessa er til nokkurt magn af gömlum rússneskum bókum á ensku og gefum við 70% afslátt á þeim. Þær fjalla um margvísleg efni. T.d. líffræði, læknisfræði, jurtafræði, sjávarútveg og meðal þeirra eru líka "sósíalrealískar" skáldsögur eins og þær gerast verstar/bestar. Til að gefa smá mynd af verðinu, þá kostar ódýrasta bókin 15 kr. en sú dýrasta rúmlega 9000 kr.

Opnunartími:
Þriðjud: 16-18
Fimmtud: 16-18
Föstud: 16.30-18.30

Athygli vakin:

2. fundur um stefnuskrá

Fyrsti fundur kommúnistasamtakanna af 5 í fundarröð um stefnuskrá var fásóttur. Um 30 manns komu á Hótel Heklu til að hlusta á framsögur um sósíalisma á Íslandi. Á fund um sama efni viku síðar komu aðeins 3. Betur má ef duga skal. Félagar í kommúnistasamtökunum, stuðningsmenn og allir yfirlýstir sósíalistar eru hvattir til að fjölmenna á næsta fund. Hann verður mánud. 17.nóv. að Hótel Heklu kaffiteríu, kl. 20:30. Rætt verður um starfshætti og skipulag nýs verkalýðsflokks, nýja baráttu í verkalýðshreyfingunni og æskileg tengsl flokks og verkalýðshreyfingarinnar o.fl. Þriðji fundurinn í fundarröðinni verður í desember (8 og eða 15.12.). Þar verður fjallað um uppbyggingu íslensks auðvaldsskipulags og hagsmunabaráttuna. Fylgist með auglýsingum.

Framkvæmdarnefnd.

FRÁ RITNEFND.

Í 15 tbl. Verkalýðsblaðsins kemur fram yfirlýsing frá ritnefnd, sem ekki stenst nema að hluta til.

Eftirfarandi þarf að leiðrétta: Sagt er að blaðið muni koma út á þriggja vikna fresti um óákveðinn tíma. Þetta er ekki rétt. Það mun koma út mánaðarlega

Sömuleiðis er talað um verulegar útlitsbætur sem kosta muni verulegar fjárhæðir.

Úti þessar útlitsbætur t.a.m. setningu á blaðinu í stað vélritunar, verður ekki farið á næstunni að minnsta kosti. Þá er stækkun blaðsins um 4 síður ekki fyrirhuguð, eins og fram kemur í viðtali við formann K.S.

Þessar breytingar voru fyrirhugaðar, en þegar farið var að athuga málið, kom einfaldlega í ljós að K.S. réðu ekki yfir þeim styrk sem nauðsynlegur var til að framkvæma þetta. Vegna mistaka, var þetta ekki leiðrétt áður en seinasta tölublað fór í prentun.

Hins vegar er ætlun okkar að reyna að standa við mánaðarlega útgáfu.

Sjálfsagt þykir mörgum þetta skref afturábak og vissulega er það það, en skýringin er einfaldlega sú að hreyfing kommúnista hefur misst styrk og á í erfiðleikum með að rétta úr kútnum eftir að hafa stoppað í "vinstri" fenjum um tíma.

Það hefur verið lenska, að lofa bót og betrun. Við ætlum ekki að gera það, heldur segjum: Verkin sýna merkin.